

## Tillaga til þingsályktunar

um sjóvarnargarð á Siglunesi.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að hefja undirbúning að uppbyggingu sjóvarnar-  
garðs á Siglunesi í samstarfi við Fjallabyggð.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í þriðja skipti. Hún var síðast lögð fram á 153. lög-  
gjafarþingi (845. mál) af Önnu Kolbrúnu Árnadóttur en náði ekki fram að ganga og er nú  
lögð fram óbreytt.

Tillaga þessi er lögð fram með það að markmiði að tryggja að höfnin á Siglufirði verði  
varin með því að byggja sjóvarnargarð á Siglunesi, sem liggur milli Siglufjarðar og Héðins-  
fjarðar. Mikið landbrot hefur verið á nesinu síðustu ár og áratugi og gróðurþekja minnkað  
mikið. Síðustu misseri hefur verið vakin athygli á málínus í fjölmíðum, bæði hefur bæjarstjóri-  
inn í Fjallabyggð m.a. kannað leiðir til bjargar Siglunesi sem og hagsmunasamtókin Björgum  
Siglunesi. Fjallabyggð leitar nú leiða til þess að bjarga Siglunesi og hefur skipulags- og  
umhverfisnefnd sveitarfélagsins lagt til að sótt verði um framlag til Vegagerðarinnar í sam-  
vinnu við landeigendur.

Siglunes er nyrsta tain milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Þar var samnefndur bær og  
margbýlt fyrr á oldum og fram á miðja 20. öld. Byggð lagðist af á Siglunesi árið 1988. Siglu-  
nes er ekki í alfaraleið og þangað þarf að fara með bát frá Siglufirði. Talsvert landbrot hefur  
orðið undanfarna áratugi og gróður minnkað á landsvæðinu. Siglunes var töluvert staðra en  
það er nú og sagnir eru til um mikið landbrot af völdum sjávargangs, eins eru dæmi þess að  
landeyðing hafi orðið mikil í einstökum stórvíðrum og grynnigar og skerjaklasi út af nesinu  
bendir einnig til þess að sjór hafi haft þar mikil áhrif á landið.<sup>1</sup>

Bærinn Siglunes var landnámsjörð Þormóðs ramma að því er segir í Landnámabók og  
lenji höfuðból sveitarinnar, kirkjustaður og prestssetur, þrátt fyrir erfiðar samgöngur. Land-  
leiðin frá Siglufirði út á Siglunes liggur um Siglunesskriður, illræmdar og hættulegar og farið  
um tæpar götur ofan við sjávarhamra.

Nokkurt undirlendi er á Siglunesi og þar var allstórt tún. Þar var áður fyrr mikil hákarla-  
útgerð. Á nesinu er viti, Siglunesviti, reistur 1908. Skammt þar frá rak bandaríski herinn rat-  
sjárstöð á árunum 1943–1945 og má enn sjá rústir hennar. Töluverðar verbúðarústir eru á  
Siglunesi. Talið er að þar hafi verið ein elsta verstöð á landinu og ef til vill einn fyrsti vísir  
að þéttbýlismyndun.

Sumarið 2006 var gerð fornleifaskráning á nesinu. Þá voru skráðar margar áhugaverðar  
minjar, m.a. rústahólar niðri á nesinu sjálfu, sem taldar voru í bráðri hættu vegna sjávarrofs  
og móttí sjá berskjölduð mannvistarlog blasa við í sniðum á sunnanverðu nesinu á einum sex

<sup>1</sup> [www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/siglunes\\_skyrsla\\_minni.pdf](http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/siglunes_skyrsla_minni.pdf)

stöðum. Minjar á nesinu voru mældar upp sumarið 2008 og í sniði eins stærsta rústahólsins sást gjóskulag, sem talið er vera frá 1104, liggja yfir miklum öskuhaug og öðrum mannvistarleifum.

Fornleifarannsóknir fóru fram á Siglunesi sumarið 2011 og voru hreinsuð fram snið í sex rústahólum sem lágu undir skemmdum af völdum sjávar. Komu þar í ljós minjar allt frá fyrstu öldum byggðar og fram yfir 1300, bæði leifar bygginga og gríðarlegir öskuhaugar með mikilvægt innlegg í rannsóknir á fiskveiðum til forna og þar með þáttum sem tengjast hagsögu og afkomu þjóðarinnar.

Við uppgróftinn 2011 fannst m.a. fínlega útskorinn taflmaður úr ýsubeini, talinn frá 12. eða 13. öld. Taflmaðurinn er um margt líkur hinum fornu Ljóðhúsataflmönnum sem fundust á eynni Ljóðhúsum vestur af Skotlandi snemma á 19. öld og eru nú varðveittir á Breska þjóðminjasafnинu sem þjóðargersemar. Fundurinn á Siglunesi styrkir þá kenningu, sem lengi hefur verið uppi, að Ljóðhúsataflmennirnir eigi sér íslenskan uppruna.

Flutningsmenn telja að það beri að vernda þær mannvistarleifar sem enn eru órannsakaðar á Siglunesi fyrir niðurbroti sjávar. Þetta mál er varðar Siglunes er ekki nýtt af nálinni og er búið að vera í umræðunni í mörg ár. Flutningsmenn telja mikilvægt að uppbygging á sjóvarnargarð á Siglunesi hefjist sem fyrst, áður en það verður um seinan að bjarga sögulegu landsvæði og áður en hafnarmannvirki á Siglufirði verða fyrir óafturkræfum skemmdum af völdum sjávargangs.